



Nokkur heilræði um klakavélar

Þrif og umgengni

1. **Klaki sem notaður er í drykki eða kemur á annan hátt nálægt matvælum telst matvæli, rétt eins og vatn og skal því meðhöndlaður sem slíkur.**
2. **Allar klakavélar á að þrifa a.m.k. einu sinni í mánuði.** Í klakavélum er stöðugur straumur af rennandi vatni og þó að það sé kalt þrífast í því ýmsar örverur sem æskilegt er að halda í skefjum. Einnig safnast óhreinindi í vélina sem þarf að hreinsa í burtu.
3. **Ef vatnssía er tengd við vélina þarf að skipta um síuna og þrifa vel síuhúsið a.m.k. þriðja hvern mánuð.** Í síuna og síuhúsið safnast ýmis óhreinindi úr vatninu, bæði lífræn og ólífræn, sem þarf að hreinsa í burtu.
4. **Ætíð skal nota viðeigandi áhöld í klakann.** Þvoið ávallt hendur áður en áhöld eða annað sem snertir klakann er meðhöndlað.
5. **Áhöld sem notuð eru í klakann skulu geymd á hreinum stað við klakavélina.**
6. **Áhöld og ílát sem notuð eru undir klakann á ekki að nota til annars. Þau á að þrifa daglega.** Best er því að hafa þau úr efni sem þolir þvott í uppþvottavél.
7. **Varast ber að stinga glösum eða öðrum brothættum ílátum í klakann,** t.d. við afgreiðslu drykkja. Ef minnsti grunur leikur á að glerbrot geti verið í klakanum á að henda honum strax og sækja nýjan.
8. **Þar sem almenningur hefur aðgang að klakavélinni þarf að hafa gott eftirlit með umgengni við hana.** Skýrar leiðbeiningar um umgengni við klakavélina eiga að vera á áberandi stað við vélina og fylgjast skal með því að fólk noti viðeigandi áhöld en taki ekki klaka með berum höndum.